

ÁRSSKÝRSLA 2024



Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

ÁRSSKÝRSLA 2024



Ársskýrsla Bjarkarhlíðar 2024

Ábyrgðaraðili: Jenný Kristín Valberg, teymisstýra Bjarkarhlíðar

Uppsetning, samantekt og tölfraeði: Svava Guðrún Helgadóttir og Jenný Kristín Valberg

Útgáfustaður: Reykjavík, janúar 2025

Útgefandi: Bjarkarhlíð við Bústaðarveg www.bjarkarhlid.is

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

EFNISYFIRLIT



Upphafið	4
Bjarkarhlíð, frjáls félagasamtök	5
Hugmyndafræði	5
Hlutverk	5
Markmið	6
Samstarfsaðilar	6
Þjónusta	7
Birtingarmyndir ofbeldis	8
Fræðsla og kynningarstarf	9
Samstarf við háskólasamfélagið	11
Alþjóðlegt samstarf	12
Mansalsmál og Bjarkarhlíð.....	12
Þjálfun og ráðstefnur.....	12
Þjónusta við þolendur á Vestfjörðum og Vesturlandi.....	13
Styrkir	13
Tölulegar upplýsingar 2024	14
Þjónustukönnun	31
Bjarkarhlíð til framtíðar	35

UPPHAFIÐ



Viljayfirlýsing um stofnun Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, var undirrituð af Reykjavíkurborg, félagsmálaráðuneyti (nú félags- og vinnumarkaðsráðuneyti), dómsmálaráðuneyti, Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu, Stígamótum, Drekaslóð, Kvennaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni og Mannréttindaskrifstofu Íslands þann 4. október 2016. Ákveðið var að Bjarkarhlíð yrði þriggja ára tilraunaverkefni. Fyrir þann tíma var starfandi undirbúningshópur þar sem allir samstarfsaðilar áttu sinn fulltrúa.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hélt utan um verkefnið í byrjun og kom að ráðningu verkefnastjóra í nóvemberlok 2016. Bjarkarhlíð opnaði formlega 2. mars 2017 og í upphafi voru tveir starfsmenn í Bjarkarhlíð ásamt rannsóknarlögreglukonu í fullu starfi frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu. Ráðgjafar og stuðningsaðilar frá Kvennaathvarfi, Drekaslóð, Stígamótum, Kvennaráðgjöf og Mannréttindaskrifstofu Íslands voru með reglulega viðveru í Bjarkarhlíð. Til viðbótar hafði Barnavernd Reykjavíkur aðstöðu í Bjarkarhlíð fyrir sálfræðinga sem sinntu börnum sem höfðu orðið vitni að ofbeldi. Eftir að tilraunaverkefninu lauk vildu allir samstarfsaðilar halda starfinu áram og hefur Bjarkarhlíð verið starfrækt sem frjáls félagasamtök frá 1. janúar 2019. Drekaslóð hætti starfsemi 2022 og þar með þátttöku sinni að Bjarkarhlíð.

Á árinu 2024 störfuðu tveir ráðgjafar í Bjarkarhlíð ásamt teymisstýru. Samkvæmt sérstökum samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið var ráðinn samhæfingarráðgjafi mansalsmála frá 1. september 2024. Rannsóknarlögreglukona frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu og ráðgjafi frá Kvennaathvarfinu voru hvor um sig með viðveru í 75% starfshlutfalli, ásamt því að ráðgjafar frá lögfræðiráðgjöfinni og Mannréttindaskrifstofu Íslands skiptu með sér lögfræðiráðgjöf hálfan dag í viku. Þá var Stígamót með ráðgjöf fyrir þjónustuþega Bjarkarhlíðar í húsakynnum Stígamóta. Einnig var Bergið headspace með ráðgjöf í Bjarkarhlíð hálfan dag í mánuði.





Rekstrarform Bjarkarhlíðar er í formi frjálsra félagasamtaka. Í samþykktum félagsins er þess getið að allir átta samstarfsaðilarnir eigi einn fulltrúa og einn varafulltrúa í stjórn sem hefur það hlutverk að móta stefnu og stýra starfi Bjarkarhlíðar. Árið 2023 tók Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir við formannshlutverki og sinnti því allt árið 2024. Stjórn Bjarkarhlíðar fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og voru haldnir tíu stjórnarfundir auk eins aðalfundar árið 2024. Þá var stjórn Bjarkarhlíðar með vinnudag á árinu til þess að fara yfir stefnumál Bjarkarhlíðar og vinna handbók fyrir starfsemina. Stjórn Bjarkarhlíðar ber ábyrgð á daglegum rekstri og vinnur teymisstjóri í hennar umboði.

HUGMYNDAFRÆÐI

Bjarkarhlíð byggir á sömu hugmyndafræði og „Family Justice Center“ en hún byrjaði að þróast í Bandaríkjunum árið 1989 en fyrsta miðstöðin opnaði í San Diego árið 2002. Hugmyndafræðin felur í sér að grípa betur þolendur ofbeldis í nánum samböndum og eru nú miðstöðvar í líkingu við Bjarkarhlíð í mörgum fylkjum Bandaríkjanna. Ísland var áttunda landið í Evrópu til að þróa hugmyndafræðina en í dag eru 24 European Family Justice Center (EFJC) í Evrópu. Þess má geta að tilraunaverkefni sem byggir á sömu hugmyndafræði er nú starfrækt á Akureyri og nefnist Bjarmahlíð. Þann 17. október 2024 opnaði Suðurhlíð á Suðurnesjum sem þjónustar þolendur ofbeldis, en allar þessar þolendamiðstöðvar byggja á sömu hugmyndafræði sem er að veita lágþröskuldapjónustu fyrir fullorðna þolendur ofbeldis á einum stað, þeim að kostnaðarlausu. Einnig starfa Sigurhæðir á Selfossi með svipuðum hætti þó þjónustan þar sé með aðeins öðru sniði og miðist eingöngu við konur.

HLUTVERK

Bjarkarhlíð býður upp á áfallamiðaða ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. Veitt er samhæfð þjónusta á einum stað og einstaklingsviðtöl þar sem boðið er upp á ráðgjöf og stuðning. Til viðbótar veitir lögreglan upplýsingar um ferli mála í réttarvörslukerfinu og kemur málum í farveg innan lögreglunnar sé þess óskað og þar að auki er einnig er hægt að fá lögfræðiráðgjöf á staðnum. Bjarkarhlíð er viðbót við þá starfsemi sem þegar er í boði fyrir þolendur ofbeldis og öll vinna er á forsendum þeirra sem þangað leita. Hægt er að koma á staðinn, hringja, senda tölvupóst eða bóka í gegnum vefsíðu og samfélagsmiðla. Aðgengilegt kynningarmyndband um starfsemina er á vefsíðu Bjarkarhlíðar.

Viðbragðsteymi vegna mansalsmála var í Bjarkarhlíð en það var lagt niður 2024 þegar mansalsráðgjafi tók til starfa. Ráðgjafinn kallar þá til sem á þarf að halda hverju sinni og setur á fót teymi sem er sniðið að hverju máli fyrir sig. Brotþolum mansals er veittur stuðningur og ráðgjöf og sér ráðgjafinn um að samhæfa þjónustu og viðbrögð vegna mansals.



Hlutverk Bjarkarhlíðar er að veita lágþröskuldþjónustu fyrir þolendur ofbeldis, auka öryggi þjónustuþega og valdefla þá. Bjarkarhlíð hefur einnig það hlutverk að auka umræðu um ofbeldi í samfélaginu og alvarlegar afleiðingar þess. Í því augnamiði sinnir Bjarkarhlíð fræðslu og tekur þátt í umræðu um ofbeldi í samfélaginu og er sjónum beint að gerendum í því samhengi.

Lögð er áhersla á hlýlegt og öruggt umhverfi í Bjarkarhlíð fyrir alla þolendur kynbundins ofbeldis og ofbeldis í nánum samböndum.

SAMSTARFSADILAR

Reykjavíkurborg leggur Bjarkarhlíð til húsnæði. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa frá upphafi veitt fjármagn til starfsemi Bjarkarhlíðar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur til starfsmann í hlutastarfi sem hefur aðsetur í Bjarkarhlíð og sinnir öllum samskiptum við lögreglu auk þess að taka þátt í daglegum verkefnum Bjarkarhlíðar. Frjálsu félagasamtökin Stígamót, Kvænnaathvarfið og Bergið headspace eru með ráðgjafa á sínum vegum í Bjarkarhlíð og veita þjónustuþegum ráðgjöf og stuðning. Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvænnaáðgjöfin veita lögfræðiráðgjöf einu sinni í viku í Bjarkarhlíð.





Bjarkarhlíð er lágpröskuldapjónusta og ekki þarf tilvísun til að koma í fyrsta viðtal. Ráðgjafar Bjarkarhlíðar taka móttökuvíðtal við þjónustuþega þegar þeir koma í Bjarkarhlíð. Fyllt er út rafrænt eyðublað við fyrstu komu og farið yfir trúnað og persónuverndarstefnu, þar sem bakgrunnsupplýsingum um þjónustunotenda og eðli ofbeldisins sem hann hefur orðið fyrir er safnað í gagnagrunn með samþykki þjónustunotanda. Tölfræði Bjarkarhlíðar byggir meðal annars á þessum gögnum.

Stærsti liður þjónustu Bjarkarhlíðar hafa verið einstaklingsviðtöl. Vaninn er að bjóða þjónustunotendum eitt til þrjú viðtöl við ráðgjafa og í framhaldi er boðin áframhaldandi ráðgjöf og stuðningur hjá þeim aðilum sem taldir eru best til þess fallnir að vinna með þær afleiðingar ofbeldis sem viðkomandi hefur orðið fyrir. Kvænnaathvarfið og Stígamót bjóða þjónustunotendum áframhaldandi viðtöl og stuðning í framhaldi af viðtölum við ráðgjafa Bjarkarhlíðar. Lagt er upp með að samstarfsaðilar hitti þjónustunotanda áfram í Bjarkarhlíð þar sem samtal lögreglu og lögfræðiráðgjöf stendur þjónustunotanda einnig til boða.

Í október 2024 fór Bjarkarhlíð af stað með stuðningshóp í formi námskeiðs fyrir konur sem allar áttu það sameiginlegt að hafa orðið fyrir ofbeldi í nánú sambandi. Helstu markmið með námskeiðinu var að styrkja og styðja við þolendur ofbeldis með valdeflingu að leiðarljósi. Hvert námskeið var tvískipt. Fyrri hluti hvers námskeiðs samanstóð af skapandi vinnu „skapandi skrif“ og var afrakstur vinnunnar 34 ljóð eftir þátttakendur. Seinni hluti námskeiðsins byggði á reynslusögum þátttakenda og umræðum þeim tengdum. Einnig markaði námskeiðið upphaf af „Talkór Bjarkarhlíðar“ þar sem notuð var listgreinin „málform“ (e. Speech formation). Hópurinn hittist einu sinni í viku í átta skipti undir handleiðslu ráðgjafa.

Þá sinnir Bjarkarhlíð einnig fræðslu um eðli og afleiðingar ofbeldis til fyrirtækja og stofnana, tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og hefur tekið að sér verkefni fyrir ríki og borg.



Ofbeldi á sér margar birtingarmyndir. Í Bjarkarhlíð eru teknar saman upplýsingar um ofbeldi sem þjónustupegi greinir frá og eru eftirfarandi birtingarmyndir notaðar í þeirri tölfraði sem er safnað og birtist m.a. í þessari skýrslu. Athugið að einungis nokkur dæmi eru gefin við hverja tegund ofbeldis en þau eru vitaskuld fleiri.

- **Andlegt ofbeldi:** Til dæmis stjórnun, kúgun, niðurlæging, sjálfsvígshótanir, einangrun, morðhótun, ógnandi hegðun og gaslýsing þar sem brotapolí fer að efast um minni sitt og upplifanir.
- **Líkamlegt ofbeldi:** Til dæmis að hrinda, ýta, slá, halda, kýla, sparka í, brenna, drekkja, kæfa, kyrkja.
- **Kynferðislegt ofbeldi:** Til dæmis að þvinga til kynferðislegra athafna, pressa/suða/hóta, nauðgun/“kynlíf” sem þolandi vaknar við, byrlun og kynfrelsi ekki virt.
- **Mansal:** til dæmis hagnýting á bágum aðstæðum einstaklings til kynlífsþjónustu. Nauðungarvinna sem oft er nefnd nútímaþrælahald fellur einnig undir þennan flokk.
- **Fjárhagslegt ofbeldi:** Til dæmis að skemma muni, skerða aðgang að fjármunum, veita ekki upplýsingar um fjárhagslega stöðu, fjárhagslegt óöryggi, krafa um lántöku og skuldsetning einstaklings gegn hans vilja.
- **Stafrænt ofbeldi:** Misnotkun á samfélagsmiðlum, hótanir gegnum miðla, persónustuldur.
 - Þar af stafrænt kynferðisofbeldi: Til dæmis myndbirtingar eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum.
- **Eltihrellir (stalking):** Til dæmis að elta manneskju og/eða sitja fyrir henni gegn vilja hennar, njósnir og ofsóknir, staðsetningarbúnaði komið fyrir í síma eða ökutæki.
- **Beint og/eða óbeint ofbeldi gegn barni/börnum:** Einhvers konar líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi sem gerist inni á heimilinu, hvort sem það beinist gegn barni eða ekki.
- **Vanræksla viðkvæmra hópa:** Til dæmis aðstoð haldið viljandi frá viðkomandi, lyfjagjöf ekki sinnt sem skyldi o.fl.
- **Ofbeldi sem felur í sér mismunun:** Ofbeldi og áreitni sem beinist til dæmis að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

Þjónustunotendur Bjarkarhlíðar eiga það sameiginlegt að hafa sætt ofbeldi og vilja vinna með afleiðingar þess. Ofbeldi í nánum samböndum er samfélagslegt, heilsufarslegt og félagslegt vandamál þar sem þverfagleg samvinna ólíkra úrræða og félagasamtaka getur stuðlað að heildarsýn bæði hvað snertir að skapa skilning á afleiðingum þess en einnig í þjónustu og stuðningi.



Bjarkarhlíð fékk heimsóknir frá fjölda stofnana og félagasamtaka á árinu sem leið, ásamt því að starfsfólk Bjarkarhlíðar kynnti starfsemina þar sem þess var óskað. Einnig tók Bjarkarhlíð þátt í samstarfsverkefnum af ýmsum toga.

Janúar

- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir starfsfólk Hringsjár.
- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar hjá mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði Reykjavíkur.
- Teymisstýra sat fund um; *heiðurstengt ofbeldi og neikvæða félagslega stýringu*.

Febrúar

- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar hjá Kvíðameðferðarstöðinni.
- Teymisstýra fór í viðtal hjá RÚV um mansalsmál.
- Teymisstýra tók þátt í málstofu um mansalsmál á félagsráðgjafapíngi á Hótel Hilton.
- Fundur með Rauða krossinum þar sem rætt var um möguleg samlegðaráhrif í félagslegum stuðningi við flóttafólk og umsækjendur um vernd og þolendur mansalsmála.
- Erindi á málþingi Öldrunarráðs Íslands þar sem umfjöllunarefnið var ólík birtingarform ofbeldis gegn eldra fólki.
- Styrkþegar jafnréttisskólans Gró Gest heimsóttu Bjarkarhlíð þar sem umfjöllunarefnið var kyngervi, kynbundið ofbeldi og öryggismál.
- Kynning og samtal við nemendur Hringsjár á “Tyllidögum” um Bjarkarhlíð og áhrif, einkenni og afleiðingar ofbeldis.

Mars

- Upplýsingafundur með laganemum á Bifröst. Nemandi var að skrifa BA ritgerð um Heimilisofbeldi og skilnaðarferli og þær áskoranir sem konur standa frammi fyrir.
- Ráðgjafar sóttu námskeið á vegum Rauða krossins sem bar heitið: *Culture and gender based violence*.
- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar hjá Blindrafélagi Íslands.
- Ráðgjafar Bjarkarhlíðar sóttu námskeið sem bar heitið: *Að sitja við sama borð, fræðsla um fjölmenningsfærni og inngilding*.
- Félagsráðgjafar í HOF- teymi (Heimilisofbeldisteymi) LSH kynntu starfsemi sína fyrir starfsfólki Bjarkarhlíðar.
- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir heilsugæsluna á Sólvangi.
- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar til starfsfólks SÁÁ og umfjöllun um samband meðvirkni og fíknar.
- Skólastýra Jafnréttisskólans, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, kom og kynnti starfsemi hans fyrir starfsfólki Bjarkarhlíðar.
- Jóhannes Kr. Kristjánsson blaðamaður kom og tók viðtal við teymisstjóra í tengslum við hlaðvarpsþættina: *Á vettvangi*, sem hann var að vinna að um verkefni kynferðisbrotadeildar lögreglunnar.

Apríl

- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar á fundi menningarmiðlara sem starfa með flóttafólki og innflytendum.
- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir nemendum Grósku í Háskóla Íslands.



Maí

- Ráðgjafar Bjarkarhlíðar sóttu málstofuna: *Kynferðisofbeldi og önnur áföll á Íslandi* í Háskólanum í Reykjavík. Teymisstýra tók þátt í pallborðsumræðum.
- Fundur hjá Ríkislögreglustjóra og erlendri sendinefnd UN Women sem halda utan um verkefnið: *Aukið jafnrétti í löggæslu*. Samtal um hvernig sé hægt að auka jafnrétti í löggæslu á Íslandi.
- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar á starfskvennafundi Kvennaathvarfsins.
- Bjarkarhlíð hélt erindi á málstofu vinnustaðaeftirlits ASÍ og stéttarfélaga en þau buðu samstarfsaðilum í samtal um eftirlit á vinnumarkaði.
- Teymisstýra sat fræðslu um skipulagða brotastarfsemi og afleiðingar hennar, viðburður á vegum Félagsráðgjafafélags Íslands.
- Kvikmyndagerðafólk sem voru að gera sjónvarpsþátt um störf Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur komu ásamt henni í Bjarkarhlíð að taka viðtöl til að ræða aðkomu hennar og lögreglunnar að Bjarkarhlíð.
- Ráðgjafar Bjarkarhlíðar sóttu fræðslu á vegum Reykjavíkurborgar á rannsókn Dr. Jane Monckton Smith á 8 stiga tímalínu morða.
- Ráðgjafar Bjarkarhlíðar tóku þátt í vinnustofu Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála um gæðaviðmið í félagsþjónustu á Íslandi.

Júní

- Írskur hópur sem vinnur að velferð barna þar í landi kom og fékk kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar.
- Raduga, stuðningsþjónusta við pólskumælandi konur á Íslandi höfðu aðstöðu í Bjarkarhlíð.
- Fulltrúar frá Hlaðgerðakoti komu í heimsókn til að ræða samstarf við Bjarkarhlíð.

Júlí

- Teymisstýra fór í viðtal á Rás2 til að ræða mansalsmál á Íslandi.

Ágúst

- Bjarkarhlíð fundaði með forsvörsmönnum 112 um hatursorðræðu og glæpi á Íslandi.
- Guðmundur Ingi Guðbrandsson þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra kom í Bjarkarhlíð til að undirrita styrksamkomulag um tveggja ára mansalsverkefni.
- Teymisstýra fór í viðtal í hlaðvarpinu: *Í alvöru talað* og ræddi þar um Bjarkarhlíð og birtingarmyndir ofbeldis í nánnum samböndum.
- Starfsfólk Bjarkarhlíðar tók þátt í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka og voru með öflugan hvatningarstöð.
- Framkvæmdastýra Bergsins Headspace, Sigurpóra Bergsdóttir, kom í heimsókn til að ræða áframhaldandi samstarf Bjarkarhlíðar og Bergsins.
- Teymisstýra heimsótti Vestfirði og var með kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar.
- Ungar konur í atvinnulífinu komu í heimsókn og fengu kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar.
- Ráðgjafar Bergsins Headspace komu í heimsókn í Bjarkarhlíð og kynntu starfsemi sína.
- Bjarkarhlíð sat námskeið Jane Monckton Smith um nauðungarstjórnun og kvennamorð.
- Félags- og vinnumarkaðsráðherra kom í heimsókn og veitti Bjarkarhlíð styrk.
- Erlend heimsókn frá aðilum á vegum *Joint EU-Council of Europe project*.
- Fulltrúar *Ungra athafnakvenna* komu í heimsókn og færðu Bjarkarhlíð styrk.



September

- Starfsfólk Bjarkarhlíðar sótti ráðstefnu European Family Justice Center, í Milanó.
- Fundur með fulltrúum Reykjavíkurborgar um hvernig best megi tryggja sambætta þjónustu fyrir þolendur ofbeldis sem hafa orðið fyrir heilsubresti.
- Bjarkarhlíð hélt erindi á málsstofu ASÍ og SA um mansalsmál á Íslandi.
- Ráðgjafar sátu námskeið um Sálræn áföll og ofbeldi á vegum símenntunar Háskólans á Akureyri.

Október

- Fundur með forsvarsmönnum lögregluskólans um mansal.
- Fundur með málamiðstöð Múltíkultí um verkefnið Samstöðuhlaup gegn kynbundnu ofbeldi.
- Starfsfólk Bjarkarhlíðar sótti opnun þolendamiðstöðvarinnar Suðurhlíðar í Reykjanesbæ.
- Heimsókn frá fulltrúum Viðreisnar sem fengu kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar.
- Fræðsla á vegum fagdeildar í áfengis-og vímuefnaáttum hjá Félagsráðgjafafélagi Íslands.
- Heimsókn frá fulltrúum Eistlands sem standa að verkefninu: *What is being done in relation to violence prevention in Estonia*. Þau voru að kynna sér hvernig staðið væri að ofbeldisvarnarmálum á Íslandi.
- Ráðgjafar Bjarkarhlíðar sóttu ráðstefnu Stígafélags sem bar heitið: *Ofbeldismenn á Íslandi*.

Nóvember

- Kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir félagasamtökin Hugarafli.
- Fundur með forsvarsmönnum YLFU nærþjónustu og ráðgjöf.
- Samtal við fulltrúa frá Vinneftirlitinu um brotastarfssemi á vinnumarkaði.
- Fundur með fulltrúum Öryrkjabandalagsins um ofbeldi.

Desember

- Ráðgjafar Bjarkarhlíðar fóru á fræðslu hjá félagsráðgjafafélagi Íslands um: *Mannréttindi barna sem glíma við fíkni og/eda alvarlegan hegðunarvanda*.
- Ráðgjafar Bjarkarhlíðar fóru á fræðslu á vegum mannréttinda - og ofbeldisvarnarráðs Reykjavíkurborgar: *Reykjavík fyrir ungmenni*.

SAMSTARF VIÐ HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ

Frá upphafi hefur Bjarkarhlíð átt í góðu samstarfi við háskólasamfélagið og fengið til sín fjölda nema, bæði í starfskynningu og starfsnám. Á árinu fékk Bjarkarhlíð hjúkrunarfræðinema frá Háskólanum á Akureyri og afbrotufræðinema frá Háskóla Íslands í starfsnám. Nemar fengu kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar ásamt því að sitja þolendaviðtöl með ráðgjöfum sem er mikilvægur liður í því að kynnast birtingarmyndum og afleiðingum ofbeldis.

Þá fengu nemar úr Menntaskólanum við Sund sömuleiðis fræðslu um birtingarmyndir ofbeldis og starf Bjarkarhlíðar. Einnig fengu læknanemar og hjúkrunarfræðinemar í Háskóla Íslands og lögreglunemar frá Háskólanum á Akureyri kynningu á starfsemi Bjarkarhlíðar. Þá var fyrsta vísindaferðin haldin í Bjarkarhlíð þar sem nemendur á meistarastigi í sálfræði frá Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands fengu kynningu á birtingarmyndum ofbeldis og afleiðingum ásamt því að kynna sér starfsemi Bjarkarhlíðar.

Starfsfólk Bjarkarhlíðar fékk kynningu á verkefni doktorsnema sem vinnur að rannsókn um ofbeldisvarnir á Íslandi ásamt því að hollenskur nemi kom í heimsókn til Bjarkarhlíðar til þess að kynna sér starfsemina.



- Teymisstýra sótti fjárfundi EFJCA á árinu 2024
- Teymisstýra hélt erindi á 10 ára afmælishátíð EFJCA á árinu 2024
- Teymisstýra sat í stjórn samtakanna (EFJCA supervisory board) árið 2024

MANSALSMÁL OG BJARKARHLÍÐ

Mansalsmál hafa áfram verið viðamikill hluti af starfsemi Bjarkarhlíðar en árið 2024 var ákveðið var að ráða starfsmann til tveggja ára til að sinna verkefninu. Bjarkarhlíð hefur því áfram það hlutverk, samkvæmt samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, að samhæfa aðgerðir og kalla til viðeigandi aðila þegar upp koma mansalsmál, eða þegar grunur leikur á um slíkt. Samhæfingarfulltrúi hóf störf haustið 2024 og starfar undir teymisstýru Bjarkarhlíðar sem áfram kemur að mansalsmálum.

Starfandi er framkvæmdateymi í mansalsmálum og eiga þar eins og áður, sæti fulltrúar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Útlendingastofnun, félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem mál koma upp auk félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem viðkomandi brotapolí er með lögheimili, Kvennaathvarfinu, Vinnumálastofnun, verkalyðshreyfingunni, heilsugæslu og öðrum viðeigandi aðilum, eftir atvikum. Góð reynsla er af samstarfi teymisins og mikil ánægja meðal hlutaðeigandi aðila.

Með ráðningu starfsmanns hefur verið unnt að móta starfið, þ.e. verkferla og aðkomu Bjarkarhlíðar að málum einstaka þolenda. Auk þess hefur unnist tími til að samhæfa betur aðgerðir viðbragðsaðila og er hlutverk Bjarkarhlíðar að veita stuðning og ráðgjöf þar um. Þjónustubörf þolenda mansals getur verið mjög ólík og spannar allt frá því að þurfa einungis aðstoð við að finna nýja vinnu yfir í að þurfa vernd fyrir ýmiss konar ógn sem steðjar að fólki í viðkvæmri stöðu. Þörf getur verið fyrir öruggt húsnæði, fæði og klæði svo fátt eitt sé nefnt. Þolendum eru boðin viðtöl þar sem þeim gefst færi á að segja sína sögu og fá andlegan stuðning og ráðgjöf.

Þá gefst tækifæri til að greina þjónustubörf og skipuleggja næstu skref fyrir þolanda, og skipuleggja vinnu framkvæmdateymis. Í þjónustu Bjarkarhlíðar felst til dæmis aðstoð við umsóknir um dvalarleyfi eða að sækja um skólavist auk tilvísana í áfallameðferð svo eitthvað sé nefnt. Mansalsteymi Bjarkarhlíðar hefur lagt áherslu á að auka tengsl við þjónustuveitendur af ýmsum toga, t.a.m. Hjálpræðisherinn og Rauða krossinn í þeim tilgangi að geta beint skjólstaðingum í sjálfboðastarf eða aðra félagslega virkni sem er í boði.



ÞJÓNUSTA VIÐ ÞOLENDUR Á VESTFJÖRÐUM OG VESTURLANDI

Óskað var eftir því af Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu að Bjarkarhlíð tæki að sér tilraunaverkefni sem fela myndi í sér tímabundna þjónustu við þolendur ofbeldis á Vesturlandi og Vestfjörðum í sex mánuði gegn fjárstyrk þar sem ekki er þolendamiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á því svæði.

Frá og með janúar fram í júní var boðið upp á viðtalsþjónustu fyrir þolendur ofbeldis á fjögurra vikna fresti á Vesturlandi og Vestfjörðum. Viðtöl þessi voru tekin á Akranesi, Borgarnesi, Grundarfirði, Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði. Verkefnið hefur reynst vel og hefur fjöldi einstaklinga sótt þjónustu í sinni heimabyggð.

Ákveðið hefur verið að bæta við hálfu stöðugildi í Bjarkarhlíð, til eins árs, til þess m.a. að sinna þjónustu og veita áframhaldandi ráðgjöf á Vesturlandi og Vestfjörðum í samstarfi við aðra ráðgjafa Bjarkarhlíðar.

STYRKIR

Margir aðilar styrktu Bjarkarhlíð á árinu 2024. Bjarkarhlíð var til að mynda þátttakandi í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka þar sem fjöldi einstaklinga hljóp til styrktar starfseminni. Þá voru Reykjavíkurborg, Garðabær, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur þau sveitarfélög sem styrktu Bjarkarhlíð á árinu. Guðmundur Ingi Guðbrandsson þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra kom í Bjarkarhlíð til að undirrita styrksamkomulag um tveggja ára mansalsverkefni. Fjöldi aðila styrkti sömuleiðis rekstur Bjarkarhlíðar á árinu, s.s. VIRK starfsendurhæfingarsjóður, Sameyki stéttarfélag, Marz sjávarafurðir, Handþrjónasamband Íslands, Sigfúsarsjóður, félagasamtökin Hugarafli, Ungar athafnakonur ásamt einstaklingsframlögum af ýmsum toga. Bjarkarhlíð þakkar öllum dýrmætan stuðning sem nýtast mun vel til áframhaldandi starfsemi í þágu þolenda.



Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Bjarkarhlíðar eru byggðar á spurningum í komuskýrslum sem allir þjónustunotendur svara þegar þeir koma í viðtal í fyrsta skipti. Þjónustunotendur svara sjálfir bakgrunnsupplýsingum en ráðgjafar Bjarkarhlíðar taka svo við og fylla inn í komuskýrsluna. Sams konar spurningarlisti er lagður fyrir alla þá þjónstuþega sem sækja þjónustu í Bjarkarhlíð.


Hér fyrir neðan er að finna upplýsingar úr komuskýrslum og í ákveðnum tilvikum skoðaðar breytingar á milli ára. Athugið að í einhverjum tilfellum svöruðu þjónustunotendur ekki öllum spurningum í komuskýrslu og í þeim tilfellum eru einungis svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar með í útreikningum.

Upplýsingar frá fyrri árum má nálgast í ársskýrslum á vefsíðu Bjarkarhlíðar.

Á árinu 2024 leituðu alls 785 einstaklingar til Bjarkarhlíðar í fyrsta viðtal. Þar af vörðuðu 56 komuskýrslur mansalsmál. Meirihluti þeirra sem leituðu til Bjarkarhlíðar skilgreina sig sem Íslendinga eða 82%. Mikill meirihluti þeirra sem leituðu til Bjarkarhlíðar á árinu 2024 voru konur, 83%, en 17% voru karlar og þrír einstaklingar skilgreindu sig sem kynsegin. 98% þeirra sem tóku afstöðu til spurningar um það hvort þau upplifðu andlegar og/eða líkamlegar afleiðingar vegna ofbeldis svöruðu því játandi.

Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir tölfræði um þau sem leituðu til Bjarkarhlíðar árið 2024.

1. Tími atviks; nýtt/gamalt



Mynd 1. Tími atviks (hér er átt við það ofbeldisatvik sem þjónustunotandi er kominn til að ræða núna).



2. Þjónusta áður

Margir höfðu fengið þjónustu annars staðar áður en þeir komu í Bjarkarhlíð, og margir þeirra á fleiri en einum stað, en 155 (11%) einstaklingar höfðu aldrei fengið neina þjónustu áður en þeir leituðu til Bjarkarhlíðar. Sjá nánar í töflu 1.


Tafla 1. Dreifing svara vegna þjónustu sem notendur höfðu fengið áður en þeir komu í Bjarkarhlíð á árinu 2024. Athugið að fjöldi svara (N=1.535) er hærrí en fjöldi þjónustunotenda (N=785), en það skýrist af því að einhverjir höfðu fengið aðstoð áður á fleiri en einum stað áður en þeir leituðu til Bjarkarhlíðar.

Þjónusta áður	Fjöldi	Hlutfall
Sjálfstætt starfandi meðferðaraðili (sálfræðingur/fiknifræðingur eða annað)	212	14%
Lögregla	259	17%
Ekki fengið aðstoð áður	137	9%
Heilsugæsla/spítali	122	8%
Bjarkarhlíð	101	7%
Barnavernd	114	7%
Kvennaathvarfið	69	4,5%
Geðdeild	78	5%
Þjónustumiðstöð	99	6%
Endurhæfingarúrræði	66	4,5%
Sýslumaður	50	3%
Já, aðstoð annars staðar	74	5%
Stígamót	41	3%
Bráðamóttaka LSH	59	4%
Píetasamtökin	19	1%
Neyðarmóttaka v. kynferðisofbeldis	13	1%
Öðrum frjálsum félagasamtökum	14	1%
Drekaslóð	2	0%
Sigurhæðir	2	0%
Bjarmahlíð	4	0%
	1.535	100%



3. Komufjöldi eftir mánuðum

Að meðaltali komu rúmlega 65 einstaklingar í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð í hverjum mánuði árið 2024. Flestir komu í fyrsta viðtal í janúar eða rúm 11% en færstir komu í fyrsta viðtal í júní eða tæp 5%. Sjá nánar dreifingu fyrstu viðtala eftir mánuðum á mynd 2.



Mynd 2. Dreifing fyrstu viðtala eftir mánuðum.

4. Upplýsingar um úrræðið

Tafla 2. Dreifing svara þjónustunotenda við spurningunni „Hvernig heyrðir þú fyrst af Bjarkarhlíð?“

Heyrði af úrræðinu	Fjöldi	Hlutfall
Vinur/kunningi/fjölskylda	249	33%
Opinber umfjöllun	123	16,5%
Félagsþjónusta	80	12%
Fann sjálf/ur/t upplýsingar	31	4%
Vinnustaður/samstarfsaðili	21	3%
Heilbrigðiskerfið	63	8%
Lögregla	87	12%
Samskiptamiðlar (Instagram, facebook, o.s.frv.)	27	4%
Áfengis- og vímuefnaöferð	4	0,5%
Barnavernd	15	2%
VIRK	4	1%
Annað	51	7%
Samtals	755	100%


Flestir höfðu heyrt af Bjarkarhlíð í gegnum vin, kunningja eða fjölskyldu eða 249 einstaklingar (33%). Í opinberri umfjöllun höfðu 123 eða 16,5% einstaklinga heyrt af Bjarkarhlíð. Aðeins 4% einstaklinga höfðu sjálfir orðið sér úti um upplýsingar um Bjarkarhlíð. Um 30 einstaklingar svöruðu ekki spurningunni.

Aðeins 2% þjónustunotenda hafði heyrt af Bjarkarhlíð í gegnum Barnavernd, sjá töflu 2.



5. Aldur


Svipuð dreifing var á aldri þjónustunotenda Bjarkarhlíðar árið 2024 eins og undanfarin ár. Flestir voru á aldrinum 31 til 40 ára (32%) og 18 til 30 ára (31%), sjá mynd 3.



Mynd 3. Dreifing aldurs þjónustunotenda í Bjarkarhlíð árið 2024.

6. Kyn

Alls svöruðu 767 einstaklingar spurningu er varðaði kyn. Eins og undanfarin ár var mikill meirihluti notenda þjónustu Bjarkarhlíðar konur eða 87% og 12% voru karlar. Þrír einstaklingar skilgreindu kyn sitt á annan hátt, sjá mynd 4.




Mynd 4. Skipting þjónustunotenda eftir kyni; karl, kona og kynsegin.



7. Kynhneigð

Alls svöruðu 703 einstaklingar spurningunni um eigin kynhneigð, flestir voru gagnkynhneigðir eða 87% svarenda eins og sjá má á mynd 5.



Mynd 5. Dreifing svarenda um kynhneigð; er ekki viss, gagnkynhneigð, samkynhneigð, tvíkynhneigð.

8. Uppruni

Þegar skoðaður er uppruni notenda þjónustunnar er töluverðar breytingar milli ára 2023 og 2024. Hlutfall þjónustunotenda sem skilgreina uppruna sinn erlendan rúmlega tvöfaldaðist með hækkun frá 9% í 21%. Skýra má þá breytingu að einhverju leyti af aukningu mansalsmála innan Bjarkarhlíðar. Sjá svör þeirra 724 sem svöruðu spurningunni um uppruna í töflu 3.

Tafla 3. Uppruni þjónustunotenda sem leituðu til Bjarkarhlíðar árið 2024; erlendur (innan Evrópska efnahags svæðisins), erlendur (utan Evrópska efnahagssvæðisins), íslenskur.

Uppruni	Fjöldi	Hlutfall
Erlend/ur/t - innan EES	47	6%
Erlend/ur/t - utan EES	111	15%
Íslensk/ur/t	547	76%
Ekki vitað/ kom ekki fram	19	3%
	724	100%



Í Bjarkarhlíð er boðið upp á túlkþjónustu fyrir þau sem ekki tala íslensku eða nota táknmál. Þjónustunotendur frá eftirtöldum löndum, auk Íslands, sóttu þjónustu Bjarkarhlíðar árið 2024:

Afganistan, Bandaríkin, Bolívía, Bosnía, Brasilía, Búlgaría, Filipseyjar, Gambía, Ghana, Hollandi, Írak, Kanada, Kenía, Kína, Kolumbía, Króatía, Lettland, Litháen, Malasía, Marokkó, Mexíkó, Nígería, Noregur, Palestína, Perú, Pólland, Portúgal, Rússland, Senegal, Serbía, Singapúr, Sómalía, Svíþjóð, Tailand, Túnis, Uganda, Úkraína, Ungverjaland, Venesúela, Víetnam.

9. Búseta

Alls svöruðu 719 notendur spurningu um búsetu. Flestir svarenda voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og þar af voru 346 (48%) búsettir í Reykjavík og voru 197 svarenda (34%) búsettir á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Alls voru 124 notendur þjónustunnar búsettir á landsbyggðinni, sjá töflu 4.

Tafla 4. Búseta þjónustuþega.

Búseta í/á	Fjöldi	Hlutfall
Annað	3	0%
Austurlandi	6	1%
Erlendis	13	2%
Garðabæ	34	5%
Hafnarfirði	76	10,5%
Kópavogi	81	11%
Mosfellsbæ	36	5%
Norðurlandi	6	1%
Reykjavík	346	48%
Seltjarnarnesi	6	1%
Suðurlandi	20	3%
Suðurnesjum	49	7%
Vesturlandi	43	5,5%
	719	100%



12. Menntunarstig

Meirihluti svarenda hafa lokið námi í framhaldsskóla eða háskóla eða samtals 56%. Alls höfðu 26% þjónustunotenda lokið grunnskólanámi og 14% þeirra höfðu lokið sérskólanámi, sjá nánar í töflu 7.

Tafla 7. Menntunarstig þjónustunotenda sem komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð árið 2024. Sérskólanám er t.d. Tækniskólinn eða sambærileg menntun.

Menntunarstig	Fjöldi	Hlutfall
Annað	30	4%
Framhaldsskólanám (með stúdentsprófi)	133	19%
Grunnskólanám	184	26%
Háskólanám	262	37%
Sérskólanám (t.d. Tækniskólinn, iðnnám, starfsréttindi)	98	14%
	707	100%


13. Fötlun eða sjúkdómar

Til þess að fá upplýsingar yfir þá einstaklinga sem leita til Bjarkarhlíðar og búa við fötlun og/eða sjúkdóm af einhverju tagi eru þjónustunotendur spurðir hvort þeir búi við eitthvað af eftirtöldu; andlegan sjúkdóm, líkamlegan sjúkdóm, kulnun í starfi, hreyfihömlun, heyrnarleysi, þroskaskerðingu, blindu/sjónskerðingu og/eða annað. Alls svöruðu 835 einstaklingar spurningunni. Tæp 60% svöruðu spurningunni játandi og svör þeirra má sjá hér að neðan í töflu 8.

Tafla 8. Fötlun og/eða sjúkdómar sem þjónustunotendur Bjarkarhlíðar 2023 glíma við.

Fötlun/sjúkdómur	Fjöldi
Andlegur sjúkdómur	192
Líkamlegur sjúkdómur	110
Kulnun í starfi	60
Annað	78
Hreyfihömlun	9
Heyrnarleysi/skerðing	6
Blinda/sjónskerðing	11
Þroskaskerðing	10

490



Mynd 6. Dreifing svara um fötlun og/eða sjúkdóm meðal þjónustunotenda



10. Hjúskaparstaða

Fleiri þjónustunotendur voru einhleypir, að skilja/slíta sambúð eða ekkjar/ekkjur (60%) heldur en þeir sem voru í sambandi eða giftir (37%) eins og sjá má á töflu 5.

Tafla 5. Hjúskaparstaða þjónustunotenda sem leituðu til Bjarkarhlíðar árið 2024. Hér vantar svör 37 einstaklinga og er nefnarinn því N=663 en ekki 700 eins og heildarfjöldi þjónustunotenda var á árinu.

Hjúskaparstaða	Fjöldi	Hlutfall
Annað	24	3%
Einhleyp/ur/t	295	42%
Ekkja/ekkill	4	1%
Er að skilja/slíta sambúð	121	17%
Gift/ur	103	14%
Í sambúð/sambandi	164	23%
	711	100%

11. Atvinnustaða

Alls voru 55% þjónustunotenda starfandi í annað hvort fullu starfi eða hlutastarfi. Hlutfall öryrkja og þeirra sem voru á tímabundnum endurhæfingarlífeyri var 19%, sjá töflu 6.

Tafla 6. Atvinnustaða þjónustunotenda þegar þeir komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð á árinu 2024. Samanlagður fjöldi svara þjónustunotenda hér var 847 þar sem einhverjir þeirra eru til að mynda í vinnu og í námi og er nefnarinn vegna útreikninga í töflu 6 því 847. Þjónustunotendur sem ekki svöruðu spurningunni voru 39 talsins.

Atvinnustaða	Fjöldi	Hlutfall
Annað	66	8,5%
Ellilífeyrisþegi	21	3,5%
Engin framfærsla	5	1%
Framfærsla sveitafélagsins	23	3%
Fæðingarorlof	27	3,5%
Heimavinnandi	7	1,5%
Í fullu starfi	361	43%
Í hlutastarfi	99	12%
Nemi	64	8%
Öryrki eða með endurhæfingarlífeyri	158	19%
Vinnumálastofnun eða atvinnuleysisbætur	16	2%
	847	100%



14. Birtingarmyndir ofbeldis

Í töflu 9 er gerð grein fyrir birtingarmyndum ofbeldis sem þjónustunotendur hafa mátt þola en alls greindu 735 einstaklingar frá ólíkum tegundum ofbeldis.

Tafla 9. Birtingarmynd ofbeldis. Athugið að margir þjónustunotendur hafa mátt þola fleiri en eina tegund ofbeldis, því er samanlagt hlutfall hærra en 100%.


Eins og sjá má tilheyrðu 56 komuskýrslur málum er snertu mansal. Nefnarinn við útreikninga fyrir töflu 9 er 2409, sem er fjöldi einstaklinga sem svöruðu spurningunni.

Tegund ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
Andlegt ofbeldi	690	29%
... þar af morðhótun	60	2%
Kynferðislegt ofbeldi	286	12%
... þar af kynferðislegt áreiti	49	2%
Líkamlegt ofbeldi	307	13%
Kyrkingartak	95	4%
Fjárhagslegt ofbeldi	305	13%
Stafrænt ofbeldi	159	7%
... þar af stafrænt kynferðisofbeldi	36	1%
Eltihrellir (e. stalking)	103	4%
Frelsissvipting	60	2%
Beint/óbeint ofbeldi gegn börnum	199	8%
Mansal	56	3%
	2.409	100%

Dr. Jane Monckton Smith hefur rannsakað ofbeldi í nánum samböndum. Samkvæmt rannsóknum hennar eru ákveðnir þættir sem sýna lífshættulega stigmögnun í ofbeldissamböndum. Þessir þættir eru kyrkingartök, kynferðislegt ofbeldi og eltihrellihegðun.

Þegar tekin var saman tölfræði um þjónustunotendur sem höfðu upplifað m.a. þessar þrjár birtingarmyndir ofbeldis sýndu tölur að 35 einstaklingar eða 4,4% hafði orðið fyrir kyrkingartökum, kynferðislegu ofbeldi og eltihrellihegðun.

Þegar merkt var við einn möguleika reyndust 52% þjónustunotenda vera komnir til að ræða heimilisofbeldi. Þá greindu 30% þjónustunotenda frá því að uppsöfnuð vanlíðan tengd ofbeldi hefði verið helsta ástæða þess að þeir leituðu í Bjarkarhlíð.



Mynd 7. Dreifing svara þegar ráðgjafar merktu við einn möguleika.



15. Tengsl við geranda


Ef svör þjónustunotenda eru skoðuð út frá tengslum við geranda eru 88% þjónustunotenda að koma vegna heimilisofbeldis, þ.e. gerandinn er núverandi/fyrirverandi maki, foreldri/stjúpforeldri, ættingi eða barn þolanda, sjá nánar í töflu 10.

Tafla 10. Tengsl þjónustunotenda við geranda. Samanlagður fjöldi svara þjónustunotenda hér var 993 þar sem einhverjir nefndu fleiri en einn geranda. Nefnarinn vegna útreikninga í töflu 10 er því 993.

Tengsl við geranda	Fjöldi	Hlutfall
Núverandi maki	135	17,5%
Fyrirverandi maki	397	51%
Ættingi	21	3%
Foreldri	52	7%
Stjúpforeldri	9	1%
Barn	21	3%
Fjölskylduvinur	2	0%
Vinur/kunningi	24	3%
Vinnufélagi	47	6%
Fagaðili	7	1%
Ókunnur	26	3,5%
Annað	6	1%
	778	100%

16. Kyn, aldur og uppruni geranda

Upplýsingar um kyn geranda lágu fyrir í 711 málum. Karlar voru gerendur í 84% mála og konur í 14% mála, 5 einstaklingar skilgreina kyn á annan hátt. Flestir gerendur voru á aldursbilinu 31 til 40 ára eða 37%, sjá mynd 8.



Mynd 8. Aldursdreifing gerenda.



Upplýsingar um uppruna gerenda lágu til grundvallar útreikninga í 724 málum. Flestir gerendur voru íslenskir eða 76% en 6% höfðu erlendan uppruna, innan Evrópu og 15% höfðu erlendan uppruna utan Evrópu, samanborið við 8% árið 2023. Sjá töflu 11.

Tafla 11. Uppruni gerenda, samanburður síðustu fjögurra ára.

Ár	Uppruni	Fjöldi	Hlutfall
2021			
	Íslensk/ur/t	891	85%
	Erlend/ur/t - innan EES	72	7%
	Erlend/ur/t - utan EES	79	8%
		1042	
2022			
	Íslensk/ur/t	823	86%
	Erlend/ur/t - innan EES	57	6%
	Erlend/ur/t - utan EES	78	8%
		958	
2023			
	Íslensk/ur/t	557	85%
	Erlend/ur/t - innan EES	43	7%
	Erlend/ur/t - utan EES	52	8%
		652	
2024			
	Íslensk/ur/t	547	76%
	Erlend/ur/t - innan EES	47	6%
	Erlend/ur/t - utan EES	111	15%
	Ekki vitað	19	3%
		724	

Þjónustunotendur Bjarkarhlíðar árið 2024 nefndu gerendur frá eftirfarandi löndum utan Íslands: Afganistan, Albanía, Argentína, Armenía, Bandaríkin, Búlgarí, Brasilía, Bretland, Danmörk, Egyptaland, Filippseyjar, Frakkland, Gambía, Georgía, Ghana, Guatemala, Holland, Hong Kong, Írak, Írland, Ísrael, Ítalía, Japan, Kolumbía, Kosovo, Króatía, Kúba, Kúrdistan, Lettland, Litháen, Marokkó, Mexíkó, Nígería, Noregur, Palestína, Pakistan, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Rússland, Senegal, Spánn, Svíþjóð, Sýrland, Tailand, Tékkland, Tyrkland, Úkraína, Ungverjaland, Venesúela, Víetnam.




17. Kærur á hendur geranda

Alls fengust 834 svör þjónustunotenda við spurningunni um vettvang ofbeldisins en hluti þjónustunotenda hefur upplifað ofbeldi á fleiri en einum stað. Algengast var að ofbeldið ætti sér stað innan heimilis eða í 72,5% tilfella. Sjá nánar töflu 12. Tæp 16% þjónustunotenda sögðust hafa kært mál til lögreglu, sjá nánar á mynd 9.

Tafla 12. Vettvangur ofbeldisins. Nefnarinn hér er 834

Tegund ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
Sameiginlegt heimili geranda og þolanda	435	52%
Heimili þolanda	140	16,5%
Heimili geranda	36	4%
Annað	163	20%
Vinnustaður	47	6%
Á ekki við/náðist ekki að spyrja	13	1,5%
	834	100%



Mynd 9. Tæp 16% sögðu að ofbeldismál gegn viðkomandi geranda hefðu verið kærð til lögreglu.

19. Fíkn gerenda

Alls komu fram 789 svör frá þjónustunotendum við spurningu um hvort þeir telji að gerandi búi við einhvers konar fíkn, 109 einstaklingar svöruðu ekki þessari spurningu, Sjá nánar töflu 13.

Tafla 13. Dreifing svara við spurningunni: Telur þú að gerandi búi við einhvers konar fíkn? Sumir þjónustunotendur nefndu fleiri en eina tegund fíknar. Nefnarinn hér er 789.

Fíkn gerenda	Fjöldi	Hlutfall
Já, áfengisfíkn	195	24,5%
Já, vímuefnavanda	141	18%
Já, klámfíkn	15	2%
Já, spilafíkn	14	2%
Ekki vitað/náðist ekki að spyrja	239	30%
Já, annað	13	2%
Nei, enga fíkn	172	21,5%
	789	100%




20. Vopn og eyðilegging muna

Þeir þjónustunotendur sem svöruðu spurningunni um vopnanotkun í tengslum við ofbeldisatvik af hálfu geranda voru 680 talsins, 119 einstaklingar svöruðu ekki spurningunni. Alls sögðu tæp 17% þeirra þjónustunotenda sem svöruðu spurningunni að gerandi hafi beitt vopni í tengslum við ofbeldið. Sjá mynd 10.


Í 22% tilvika var ekki spurt um vopnanotkun eða spurningin átti ekki við.

Alls svöruðu 663 einstaklingar af 700 spurningu um hvort gerandi hafi eyðilagt muni þjónustunotenda. Alls 46% þeirra þjónustunotendur sem svöruðu sögðu „já“ við spurningunni en 38% „nei“. Sjá mynd 11. Í 16% tilvika var ekki spurt um eyðileggingu muna eða spurningin átti ekki við.

● Já
● Nei




Mynd 10. Vopnanotkun.



Mynd 11. Eyðilegging muna.

21. Fjárhagslegt ofbeldi

Alls svöruðu 674 einstaklingar spurningunni um hvort ofbeldið hefði haft áhrif á fjárhagslega afkomu. Af þeim svöruðu 67% spurningunni játandi en 26% neitandi. Ef horft er til allra þjónustunotenda svara því játandi 67%, neitandi 26%, og í 7% tilvika átti það ekki við eða það náðist ekki að spyrja, sjá mynd 12.



Mynd 12. Dreifing svara um fjárhagslegt ofbeldi.



22. Afleiðingar ofbeldis


Afleiðingar ofbeldis geta verið að ólíkum toga, andlegar, líkamlegar og/eða fjárhagslegar. Ofbeldið hefur einnig þær afleiðingar að þolandi þarf að eiga ýmis samskipti við t.d. lögregluna, barnavernd og heilbrigðiskerfið sem getur aukið verulega álag á þolendur.

Þjónustunotendur voru spurðir hvort þeir væru að takast á við andlegar og/eða líkamlegar afleiðingar í kjölfar ofbeldisins sem þeir eru komnir til að ræða. Alls svöruðu 677 þjónustunotendur spurningunni. Af þeim sem svöruðu sögðust 662 (98,7%) vera að kljást við afleiðingar ofbeldisins.

Í þessari spurningu var hægt að merkja við fleiri en einn valmöguleika og alls voru svörin 1847. Ef afleiðingarnar eru skoðaðar nánar, kemur í ljós að 620 einstaklingar af þeim sem svöruðu eru að kljást við kvíða, 421 einstaklingar hafa upplifað þunglyndiseinkenni og 248 einstaklingar hafa upplifað áfallastreitueinkenni. Sjá nánar í töflu 14.

Tafla 14. Afleiðingar ofbeldisins. Nefnarinn var 1847, sem leiðir af því líkur að þjónustunotendur hafi verið að takast á við fleiri en eina birtingarmynd af afleiðingum ofbeldis.

Afleiðingar	Fjöldi	Hlutfall
Kvíðaeinkenni	620	34%
Þunglyndiseinkenni	421	23%
Erfiðleikar með svefn/svefnleysi	211	11%
Einkenni áfallastreitu	248	13%
Líkamlegir verkir	150	8%
Sjálfsvígshugsanir eða tilraunir	78	4%
Annað	119	7%
	1847	100%



Mynd 13. Svör við spurningunni: Er viðkomandi að takast á við andlegar og/eða líkamlegar afleiðingar í kjölfar ofbeldisins? Hér er átt við það atvik ofbeldi sem þjónustunotandi vill ræða núna.



Lögreglan

Alls greindu 214 einstaklingar frá því að lögreglan hefði haft afskipti af heimilinu vegna ofbeldisins. Það eru 31% af þeim sem svöruðu spurningunni um lögregluafskipti, 7% sögðu að spurningin ætti ekki við en 62% svöruðu spurningunni neitandi. Alls sögðust 105 þjónustunotendur (16%) að ofbeldismál gegn viðkomandi hefðu verið kærð til lögreglu.

Barnavernd


Af 642 þjónustunotendum sem svöruðu spurningunni sögðust 401 einstaklingur, eða rúmlega 51% að börn byggju á heimili þjónustunotenda og er það hlutfall svipað því sem verið hefur undanfarin ár. Árið 2022 og 2023 áttu um 56% svarenda börn sem bjuggu á heimilinu, sjá töflu 15. Þó skal tekið fram að 143 einstaklingar svöruðu ekki spurningunni. Alls sögðu 141 þjónustunotendur að barnavernd hefði haft afskipti af heimilinu, eða 25% þjónustunotenda.

Tafla 15. Fjöldi þjónustunotenda með barn eða börn á heimili.

Ár	Fjöldi	Já, barn/börn á heimili	Hlutfall
2021	1059	584	52%
2022	978	546	56%
2023	700	546	56%
2024	785	401	51%

Forsjá

Alls svöruðu 432 einstaklingar spurningu um hvernig forsjá barna væri háttað. Um 50% svarenda eru með sameiginlega forsjá.




Mynd 14. Dreifing svara um forsjá.



Líkamlegir áverkar

Alls svöruðu 615 einstaklingar spurningu um hvort þau hefðu einhvern tímann hlotið líkamlega áverka í kjölfar ofbeldisins. Rúm 40% svöruðu þeirri spurningu játandi eða 255 einstaklingar.



Mynd 15. Dreifing svara um líkamlega áverka.

23. Fyrri áföll tengd ofbeldi

Alls greindu 54% þjónustunotenda, eða 358 einstaklingar sem leituðu til Bjarkarhlíðar á árinu 2024, frá því að hafa sögu um fyrri áföll sem eru tengd ofbeldi.

Ef það er greint nánar má sjá að margir hafa upplifað fleiri en eina tegund ofbeldis; af þeim 358 sem höfðu sögu um fyrri áföll tengd ofbeldi, höfðu 271 einstaklingar upplifað heimilisofbeldi ýmist beint og óbeint, 130 einstaklingar höfðu sögu um kynferðislegt ofbeldi, 130 einstaklingar höfðu verið beittir andlegu ofbeldi og 81 einstaklingur hafði verið beittur líkamlegu ofbeldi. Margir einstaklingar hafa mátt þola fleiri en eina tegund áfalla í formi ofbeldis.

Tafla 16. Fyrri áföll tengd ofbeldi. Alls sögðust 358 þjónustunotendur hafa sögu um fyrri áföll sem eru tengd ofbeldi. Samtals greindu þeir frá 664 birtingarmynd ofbeldis.

Ef já, hvers eðlis var ofbeldið?	Fjöldi	Hlutfall
Heimilisofbeldi - beint (þjónustunotendi var/er þolandi ofbeldis)	213	32%
Andlegt ofbeldi	130	20%
Kynferðislegt ofbeldi	130	20%
Líkamlegt ofbeldi	81	12%
Heimilisofbeldi - óbeint (þjónustunotandi var/er vitni af ofbeldi)	58	9%
Annað	52	7%
	664	100%



24. Tilvísanir eftir fyrsta viðtal

Eftir fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð metur ráðgjafi stöðuna og vísar þjónustunotanda í viðeigandi úrræði, annars vegar til fagaðila sem eru samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar (innan Bjarkarhlíðar) og hins vegar í viðtal hjá fagaðilum sem eru ekki samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar (utan Bjarkarhlíðar). Flestir þjónustunotendur fá tilvísun í fleira en eitt úrræði, alls fengu þjónustunotendur 892 tilvísanir í úrræði innan Bjarkarhlíðar og í 466 úrræði utan Bjarkarhlíðar eða samtals í 1.358 úrræði. Sjá nánar töflu 17 og 18.

Töflur 17 og 18. Tilvísanir í úrræði innan og utan Bjarkarhlíðar eftir fyrsta viðtal.

Innan Bjarkarhlíðar	Fjöldi	Hlutfall
Lögregla	138	15%
Stígamót	44	5%
Kvennaathvarfið	65	7%
Mannréttindaskrifstofa/Kvennaráðgjöfin	33	4%
Annað viðtal við ráðgjafa Bjarkarhlíðar	542	61%
Annað	70	8%
	892	100%

Utan Bjarkarhlíðar	Fjöldi	Hlutfall
Félagsráðgjafi á þjónustumiðstöð	67	14%
Barnavernd	10	2%
Bergið	20	4%
Píeta samtökin	10	2%
Sálfræðiaðstoð	68	15%
Aðrir fagaðilar	291	63%
	466	100%



BJARKARHLÍÐ, STAÐAN OG FRAMTÍÐIN

Árið 2024 tók starfsemin töluverðum breytingum þar sem bætt var við starfsmanni sem starfaði ásamt teymisstjóra vegna mansalsmála sem á borð komu. Þá hófst verkefni sem miðar að því að mæta þolendum á Vesturlandi og Vestfjörðum og var ákveðið að ráða inn manneskju í hálfstarf sem koma mun að því verkefni ásamt öðrum ráðgjöfum Bjarkarhlíðar.

Reynslan undanfarin ár sýnir þá miklu þörf sem er til staðar fyrir áframhaldandi starfsemi Bjarkarhlíðar. Stöðug eftirspurn er eftir þjónustunni og væntingar samfélagsins í garð Bjarkarhlíðar eru miklar. Mikilvægt er að Bjarkarhlíð haldi áfram að þróast í takt við eftirspurn þjónustunotenda.

Lögð hefur verið áhersla á að leita leiða til að að þróa áfram það góða starf sem fram fer í Bjarkarhlíð. Lögð er rík áhersla á að mynda og viðhalda góðum tengslum við aðrar stofnanir og grasrótarsamtök til þess að hægt sé að mæta þörfum þjónustunotenda. Þá hefur verið mikið og gott samstarf við þær þolendamiðstöðvar sem starfræktar eru hér á landi og er mikið gleðiefni að bæst hafi við þolendamiðstöð á Suðurnesjum í október 2024.

Þjónustunotendur hafa sýnt Bjarkarhlíð mikinn velvilja frá upphafi sem veitir starfsfólki byr undir báða vængi. Framundan er stefnumótun sem felur í sér styttingu biðlista. Í henni felst að tryggja að allir ferlar sem stytta biðlista séu metnir með tilliti til gæða þjónustunnar. Þá er markmið að safna reglulega þjónustukönnunum frá þjónustunotendum til að betrubæta þjónustuferla þolendum í vil ásamt því að skipuleggja reglulega samráðsfundi með samstarfsaðilum og afmarka meginverkefni og ábyrgðarsvið þjónustunnar.

Stjórn og starfsfólk Bjarkarhlíðar þakkar stuðning stjórnvalda, Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu og þeirra samstarfsaðila sem sýnt hafa vilja sinn í verki til þess að vinna að bættri þjónustu við þolendur ofbeldis. Þverfaglegt samstarf og þjónusta hefur margoft sannað gildi sitt og birtist m.a. í aukinni þjónustuþörf, ánægju notenda þjónustunnar og auknu öryggi fyrir þá.

Starfsfólk Bjarkarhlíðar horfir bjartsýnt til framtíðar en lítur svo á að þessi vegferð sé rétt að hefjast.



Bjarkarhlíð
við Bústaðaveg
553 3000
bjarkarhlid@bjarkarhlid.is
www.bjarkarhlid.is

